

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, norðurhluti hafnarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir hafnargarði vestan núverandi hafnar. Jafnframt er vegur meðfram ströndinni færður nær sjó.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.